

Ísafjarðabær
Brynjar Þór Jónasson
Sviðsstjóri umhverfis- og eignarsviðs.

Tilkynning um framkvæmdir við endurheimt votlendis

Votlendissjóðurinn tilkynnir hér með að gert er ráð fyrir að framkvæmd vegna endurheimtar votlendis á jörðinni Kirkjuból í Korpudal muni eiga sér stað á næstunni.

Ákvörðun um framkvæmdina er í samráði við landeigendur og sjá samning sem er meðfylgjandi milli landeigenda og Votlendissjóðsins.

Fagráð Votlendissjóðsins unnið eftir gögnum sem aflað var á staðnum og gert tillögu að framkvæmdaáætlun sem er meðfylgjandi þessum pósti.

Markmið framkvæmdanna er að stöðva losun gróðurhúsalofttegunda sem nemur um 20 tonnum af CO2 ígildum að meðaltali á hvern hektara sem endurheimtur er. Samtals verða stöðvuð sem nemur árslosun á 481 tonni af CO2 ígildum. Til samanburðar losar ný bifreið 1-2 tonn á ári.

Í Fagráði sitja aðilar frá Landgræðslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, Eflu, Félagi Íslenskra landslagsarkitekta og Háskóla Íslands.

Undirritaður veitir frekari upplýsingar, verði eftir þeim leitað. Á meðan á framkvæmd stendur er undirritaður tengiliður vegna hennar.

Reykjavík 28. Ágúst 2019

F.h Votlendissjóðsins



Einar Bárðarson
Framkvæmdastjóri Votlendissjóðsins